

til Stykkishólms eftir áfall það, er í héraðsdómi greinir, um stjórn- og siglingarhæfi skipsins, eins og það var á sig komið, og um hættur á nefndri siglingaleið. Þá er aðiljum og rétt að afla annarra gagna, eftir því sem efni verða til.

Alyktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla gagna, er að framan greinir.

Föstudaginn 3. maí 1968.

Nr. 88/1967. **Magnús Magnússon**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Einari Eysteinssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 373.386.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. janúar 1961 til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál að hluta í héraði.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og sönnunargögnum í máli þessu er háttað, þykir varhugavert að fullyrða, að stefndi hafi verið offari, er hann spratt upp úr stól þeim, er hann sat í, og rakst á áfrýjanda með þeim afleiðingum, sem í héraðsdómi greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. febrúar s.l., hefur Magnús Magnússon, Reynimel 46, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. júní 1965, gegn Einari Eysteinsyni, Háaleitisbraut 18, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 373.386.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. janúar 1961 til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var sú krafa gerð, að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 23. júlí 1965.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að hinn 23. janúar 1961, að kvöldi, hafi Einar Eysteinnsson verið staddur í íbúð sinni, en stefnandi kveðst hafa leigt hjá honum. Stefnandi kveðst í umrætt sinn hafa verið nokkuð við skál og strítt Einari. Einar hafi þá ætlað að fara, en stefnandi kveðst hafa staðið í vegi fyrir honum við dyrnar að ganginum og ekki viljað láta hann fara, en þó ekki snert hann. Kveður stefnandi stefnda Einar þá hafa hrint sér úr dyrunum, og kveðst stefnandi hafa dottið aftur á bak í dyrunum og lent með hnakkann á þröskuldinum og brotnað á hægri fæti. Kveðst stefnandi hafa verið fluttur á Land-

spítalann og brotið spengt þar og lagt í gipsumbúðir. Stefnandi kveðst hafa dvalið á Landspítalanum í um það bil 2½ mánuð. Brotið hafi gróið seint, og kveðst stefnandi hafa verið algerlega óvinnufær til hausts 1962.

Stefnandi kveðst krefjast þess, að stefndi, Einar Eysteinnsson, bæti sér tjón sitt, þar sem hann beri alla ábyrgð á því, og sundurliðar stefnandi tjón sitt þannig:

1. Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 101.586.00
2. Bætur vegna varanlegrar örorku	— 219.300.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl. . . .	— 50.000.00
4. Útlagður kostnaður	— 2.500.00

Samtals kr. 373.386.00

Af hálfu stefnda er málsatvikum lýst þannig, að stefnandi hafi verið leigutaki hjá honum veturinn 1960—1961. Stefnandi hafi verið allóreglusamur og muni það hafa verið hinn 23. janúar 1961 milli kl. 1930 og 2000, að stefndi heyrði mikinn hávaða og læti í íbúð stefnanda, en hann hafi búið í íbúð, sem var yfir íbúð þeirri, sem stefndi bjó í. Stefndi kveðst hafa farið upp og hitt stefnanda, en kona hans hafi ekki verið heima. Hafi stefnandi verið í illu skapi, en róazt, en verið nokkuð mikið ölvaður. Kveðst stefndi hafa ætlað að róa stefnanda og setzt á stól og rætt við hann, en í því hafi kona stefnanda komið þar inn og rokið á stefnanda og barið hann. Stefndi kveðst hafa verið að flýta sér og eftir stutta stund hafi hann ætlað að rísa upp úr stólnum, er hann sat í, en konan hafi þá verið gengin fram. Er stefnandi hafi séð þetta, hafi hann rokið upp og hlaupið að stefnda, þar sem hann sat, og sagzt ætla að berja hann eða sjá til þess, að hann kæmist ekki út. Kveðst stefndi þá hafa stokkið upp úr stólnum, en við það rekizt á stefnanda og hafi þeir báðir henzt til, stefnandi eiginlega beint aftur á bak og dottið aftur fyrir sig. Hafi stefnandi sagt, að hann væri fótbrottinn, og kveðst stefndi þá þegar hafa farið fram í eldhús til konu stefnanda og sagt henni frá þessu og beðið hana að athuga um stefnanda og talað um að hringja í lækni. Kveðst stefndi síðan hafa gengið niður og farið til starfa síns, svo sem honum var nauðsynlegt, en komið skjótt heim aftur. Hafi þá kona stefnanda komið niður til hans og sagt,

að stefnandi væri fótbrottinn og beðið um, að hringt yrði á sjúkrabifreið, þar sem sími þeirra væri brottinn. Kveðst stefndi síðan hafa hjlpað við að koma stefnanda í sjúkrabifreiðina.

Þannig lýsir stefndi málsatvikum í greinargerð.

Lögregluskýrsla liggur frammi í málinu, dags. 26. maí og 12. júní 1961, tekin að Nirði Snæhólm varðstjóra.

Efni skýrslunnar er á þessa leið:

„Í dag yfirheyrði ég á heimili hans, Reynimel 46, sími 32644, Magnús Magnússon járnsmið, 42 ára að aldri, en hann er fótbrottinn og bað um aðstoð heim. Með mér var Guðmundur T. Guðmundsson.

Magnús skýrir aðspurður svo frá:

Ég og kona mín, Guðmunda Þ. Eyjólfsdóttir, bjuggum að Mosgerði 8 til 14. maí s.l. Við leigðum hjá Einari Eysteinssyni og vorum búin að vera þarna í 3 ár. Við vorum uppi, en Einar niðri.

Mánudaginn 27. janúar s.l. um kl. 1900 var ég heima hjá mér og var þá búinn að drekka nokkuð áfengi og var nokkuð ölvaður, en ekki með nein læti. Áfengið var búið. Ég gekk svo fram í mjóan gang í íbúðinni, en þar var síminn minn á háu borði. Ég lenti utan í borðinu með þeim afleiðingum, að síminn datt niður, en af því hlaut nokkur hávaði, sem heyrðist niður, því Einar kom upp til að tala við mig, og við settumst inn í stofu og fórum að ræða saman um hitt og annað, en ég stríddi Einari og æsti hann upp, því það var meðal annars rætt um loftnet, sem ég hafði, en Einar tók niður. Það var aðallega rifizt út af þessu. Einar var ódrukkinn.

Einar ætlaði svo að fara, en ég stóð í veginum fyrir honum innan við dyrnar að ganginum og var að röfla við hann og vildi ekki láta hann fara, án þess þó að ég tæki á honum eða gerði mig líklegan til þess, en hann var að flýta sér og hrinti mér allt í einu frá sér framanfrá, svo snöggt, að ég datt aftur á bak í dyrnar og lenti með hnakkann á þröskuldinum, enda hafði ég kúlu á hnakkanum lengi á eftir. Þegar ég ætlaði að standa upp, gat ég það ekki, því eitthvað var að mér í hægri fætinum, en hann hafði samt ekki lent undir mér og ekki slegizt utan í hús-gögn. Einar bað mig þá fyrirgefningar og fór fram í eldhús til konunnar minnar, og svo komu þau bæði til mín, en síðan hringdi konan í sjúkrabíl, sem kom og sótti mig, en Einar aðstoðaði við að koma mér í sjúkrakörfuna, en ég hafði á meðan legið á sama stað, þannig að Einar komst ekki fram, nema fara

yfir mig. Það var farið með mig á Slysavarðstofuna og þaðan á Landspítalann, en þar kom í ljós, að ég var þríbrotinn á hægri fæti um mjóalegginn. Ég var 2½ mánuð á sjúkrahúsinu og hef legið heima síðan með fótinn í gipsi, og það er ómögulegt að segja um, hve lengi ég á í þessu.

Ég er bæklaður í fótunum frá fæðingu, og því er þetta verra en ella. Tryggingarnar telja, að ég sé með 70 til 80 prósent skerta starfsorku frá fæðingu, því ég fæddist með snúa fætur, og þurfti að rétta þá. Eftir mánaðarlegu á sjúkrahúsinu kom Einar til mín, og ætlaði ég þá að tala við hann, en hann vildi ekki tala við mig og fór strax aftur.

Ég áskil mér rétt til bóta vegna vinnutaps, sem ég hef af þessu, og miskabóta, þegar að kemur.

Magnús Magnússon.

Þá talaði ég við konu Magnúsar sama stað, Guðmundu Þ. Eyjólfsdóttur.

Hún skýrir aðspurð svo frá, áminnt um sannsögli:

Ég var frammi í eldhúsi, er atburður þessi gerðist, og sá því ekki, hvað skeði. Ég vissi hins vegar, að Einar kom upp og heyrði, að hann og Magnús voru að ræðast við inni í stofu, þó ég heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Þeir voru búnir að vera talsverða stund inni, þegar Einar kom fram í eldhús til mín og spurði, hvort ég vildi ekki fara og athuga, hvort Magnús hefði meitt sig, því hann hefði ýtt við honum, svo hann hefði dottið. Ég fór þá fram, og þá lá Magnús með höfuðið á þröskuldinum og fætturna inn í stofu, og hægri fóturinn var snúinn út á við, svo ég sá strax, að eitthvað hlaut að vera að, því ökklinn er stífur, svo ekki var hægt að snúa fætinum þannig á eðlilegan hátt. Ég hringdi því í sjúkrabíl, sem kom. Þegar mennirnir komu upp með körfuna, þá hjálpaði Einar þeim við að koma Magnúsi í hana, því hann er stór og þungur.

Fyrst í febrúar hringdi svo Einar til mín og spurði, hvort ég gæti ekki greitt húsaleiguna fyrir þann mánuð, en þá sagði ég, að það yrði að bíða, á meðan Magnús lægi á sjúkrahúsinu af hans, þ. e. Einars, völdum. Einar sagðist þá ekki skrifa undir, að Magnús væri þar af sínum völdum. Ég sagðist þá ekki hafa séð, hvað skeði, og ekki vita annað um það en það, sem hann hefði sagt mér sjálfur, er hann kom fram í eldhús til mín og bað mig að athuga Magnús.

Þessi framkoma Einars kom mér nokkuð undarlega fyrir

sjónir, þar sem hann var mikið aumari en Magnús út af þessu, strax eftir að óhappið skeði.

Guðmunda Þ. Eyjólfsdóttir.

N. Snæhólm.

Mánudaginn 12-6-1961. Þá er mættur í máli þessu Einar Eysteinsson, til h. Mosgerði 8, sími 32389, f. 30. marz 1917 í Litla-Langadal á Skógarströnd.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar. Hann skýrir aðspurður svo frá:

Það getur vel passað, að þetta atvik hafi skeð þann 27. janúar s.l. Ég hugsa, að það hafi verið einhvern tíma milli kl. 1930 og 2000, sem ég heyrði hávaða og læti uppi hjá Magnúsi og fór því upp til að athuga þetta, en þá var Magnús frammi á gangi og konan hans ekki heima. Ég spurði Magnús, hvað gengi á, en hann sagðist vera reiður. Við fórum svo að tala saman, og Magnús róaðist og bauð mér inn í stofu. Magnús virtist vera mikið ölvaður.

Ég sat í stól inni, og við vorum að ræðast við, er Guðmunda kom inn og rauk beint að Magnúsi og barði hann, er hún sá, í hvaða ástandi hann var, og sagði, að hann væri búinn að skemma, en síðan fór hún fram, en Magnús brosti þá og sagði, að svona létu þær.

Ég átti að vera mættur á fundi kl. 2030 og þurfti því að flýta mér, því ég var ekki búinn að skipta um föt, og því ætlaði ég að rísa upp úr stólnum, sem ég sat í, og fara, eftir að við höfðum ræðzt þarna við góða stund, eftir að konan fór fram. Þegar ég ætlaði að fara, þá rauk Magnús upp úr stól, sem hann sat í, og hljóp að mér, þar sem ég sat, og sagðist ætla að berja mig, en fram að þeim tíma hafði allt verið í bróðerni á milli okkar. Þegar ég sá þetta, stökk ég upp úr stólnum, en við það lentum við saman. Magnús lenti einhvern veginn á hliðinni á mér, svo ég hentist til hliðar, en hann eiginlega beint aftur á bak, og þegar ég var almennilega kominn á fæturna, þá var Magnús að detta aftur fyrir sig og gerði það, en ég man ekki, hvernig hann datt, þ. e. hvort hann kom í dyrnar eða hvort hann lenti upp að veggnum. Eftir að Magnús var dottinn, þá sagðist hann vera fót-brotinn. Ég fór þá fram í eldhús og sagði Guðmundu, að ég hefði ýtt við Magnúsi, er hann hefði ráðizt á mig í stólnum, og að hann hefði dottið, um leið og ég hefði sjálfur verið búinn að koma fótunum fyrir mig. Ég sagði konunni, að það væri bezt að

hringja á lækni, úr því að maðurinn teldi sig vera fótbrotninn, en síðan fór ég niður, klæddi mig um og fór á fundinn, og af honum kom ég aftur um kl. 2230, að ég gæti trúað. Guðmunda kom þá niður og sagði mér, að Magnús væri fótbrotninn, og bað mig að hringja á sjúkrabíl, því síminn þeirra væri svo illa farinn. Ég sagði henni, að hún skyldi hringja sjálf, og hún kom niður og gerði það. Þegar sjúkrabíllinn kom, þá fór ég upp, og þá lá Magnús ennþá nokkurn veginn þar, sem hann lá, er ég fór um kvöldið. Ég hjálpaði til við að koma Magnúsi niður.

Ég vil geta þess, að er Magnús stökk á mig í stólnum, og ég stökk upp úr honum, þá ýtti ég við honum með hendinni, um leið og ég skauzt undan, því það er annað en gaman að fá svona þungan mann yfir sig í þröngum stól. Þetta er því hrein óheppni og ekkert annað, að maðurinn skyldi detta og fótbrotna af því.

Það er ekki rétt, að Magnús hafi staðið fyrir framan mig innan við dyrnar og ekki viljað sleppa mér út og að ég hafi þá hrint honum frá með báðum höndum. Þetta skeði, alveg eins og ég hef sagt frá. Ég man hins vegar ekki, hvort Magnús sagðist skyldi slá mig, er hann kom að mér í stólnum, eða hvort hann sagði, að hann skyldi sjá um, að ég kæmist ekki út. Það var að minnsta kosti eitthvað í þá átt.

Upplesið, játað rétt.

Einar Eysteinnsson.

Eftir að hafa tekið skýrslu af Einari, fór ég ásamt Jóni Halldórssyni með skýrsluna vestur eftir til Magnúsar Magnússonar og lofaði honum að lesa hana. Hann sagði, að framburðurinn væri nokkurn veginn réttur, nema hvað hann sagðist aldrei hafa ætlað að ráðast á Einar í stólnum, því hann hefði staðið fyrir framan stólinn, sem Einar sat í, verið með hendur í vösum og verið að þvarga við hann, er Einar stökk allt í einu upp úr stólnum og hrinti honum, svo hann féll aftur á bak á gólfið. Þá sagði hann, að það gæti ekki passað, að hann hefði legið á gólfinu þann tíma, er Einar segir, eða þar til Einar kom af fundinum.

Guðmunda sagði það vera rétt, að hún hefði komið inn kl. 2000 og þá hefði Einar verið inni að tala við Magnús. Hún sagði, að Einar hefði farið niður, er hann var búinn að segja henni, að hann hefði hrint Magnúsi, og hann hefði stuttu seinna komið upp aftur, er sjúkrabíllinn kom. Sjálf sagðist hún ekki hafa farið niður til að hringja og sagði, að það gæti ekki verið og væri ekki rétt, að Magnús hefði legið svona lengi á gólfinu, áður en sjúkrabíllinn kom, þó sagðist hún ekki hafa verið með úr.

Ég fór þá niður á slökkvistöð til að athuga, um hvert leyti

Magnús var sóttur. Það kom í ljós, að tíminn var ekki bókaður, en það hefði örugglega verið eftir kl. 2000, eða eftir að næturvaktin tók við. Mánaðardagurinn var 23. janúar s.l., en ekki sá 27.

Ég fór þá upp á Slysavarðstofu, og þar var bókað, að Magnús hefði komið inn þann 23. janúar s.l., kl. 2247.

Rétt er að geta þess, að Magnús er enn óvinnufær heima með fótinn í gipsumbúðum.

N. Snæhólm“.

Þá hafa og farið fram aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur í máli þessu. Hafa báðir málsaðiljar staðfest þar það, sem eftir þeim er haft í framanritaðri lögregluskýrslu, svo og vitnið Guðmunda Þuríður Eyjólfsdóttir, eins og nánar kemur fram síðar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu í máli þessu, að upphaf þessa máls sé það, að hann hafi verið staddur á heimili sínu að kvöldi 23. janúar 1961 og hafi hann verið nokkuð við skál. Stefndi í máli þessu hafi svo komið í íbúð sína og þeir verið að ræða saman. Hafi stefndi setið í stól, en stefnandi kveðst hafa staðið fyrir framan hann á gólfinu í rúmlega seilingar fjarlægð. Stefndi hafi þá skyndilega staðið upp og hafi svo atvikazt, að hann hafi lent á mottu með þeim afleiðingum, að stefnandi hafi skollið í gólfið, hlotið höfuðhögg og brotnað á hægri fæti.

Stefnandi kveðst hafa verið vel „slompaður“, þegar atvik það, er hér um ræðir, gerðist. Hann hafi byrjað að drekka um hádegi, en þá hafi hann fengið frí úr vinnunni vegna lasleika, og kveðst hann hafa drukkið mestan hluta úr einni flösku af víni, rommi að því hann minnir. Stefnandi kveðst ekki hafa verið við drykkju kvöldið áður. Stefnandi kveðst samt nokkurn veginn hafa haft stjórn á hreyfingum sínum, en gangurinn í íbúðinni hafi verið þröngur og hafi ekki þurft mikið til, svo að hann, sem sé gildvaxinn, rækist í símann. Stefnandi kveðst hafa verið bæklaður frá fæðingu á báðum fótum. Hafi verið gerðar á sér aðgerðir í æsku, en hann hafi samt ekki notið neinnar læknisáðstoðar frá 7 ára aldri af því tilefni. Stefnandi kveðst hafa litla viðspyrnu í fótunum, hásinarnar hafi verið skornar í sundur í áðurnefndum aðgerðum, en hann telur sig þó ekki valtan á fótunum. Hann kveðst hafa unnið erfiðisvinnu allt sitt líf og ekki orðið tilfinnanlegur bagi af bækjunni. Stefnandi kveðst ekki hafa notið örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins nema á þeim tíma, er hann

var frá vinnu vegna atburðar þessa. Stefnandi segir, að þeir Einar hafi verið góðir kunningjar og farið vel á með þeim, en Einar sé uppstökkur og hafi komið fyrir áður, að þeir hafi lent í rimmu og hafi Einar þá skellt hurðum. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir stefnandi, að hann hafi fengið leigt hjá stefnda fyrir tilstuðlan vinnuveitanda síns og að ekkert hafi verið minnst á reglusemi í því sambandi. Stefnandi segir, að þegar stefndi hafi komið upp þarna um kvöldið, hafi þeir farið að ræða saman í hálfkæringi. Hafi tal þeirra mest snúizt um loftnet, sem stefnandi hafi sett upp, en stefndi tekið niður án þess að tala við hann, og einnig um stjórnmal og hafi þeir verið á öndverðum meiði. Segir stefnandi, að verið geti, að hann hafi verið orðljótari en ella vegna ölvunar sinnar. Hafi stefndi undir eins orðið reiður og hafi þar komið, að stefndi hafi rokið upp og hengt á stefnanda. Telur stefnandi, að stefndi hafi þá verið á leið út. Við þetta kveðst stefnandi hafa fallið með þeim afleiðingum, sem áður er getið, og kveðst hann hafa rankað við sér, þegar kona hans og stefndi voru að stumra yfir honum. Stefnandi segir, að kona hans hafi verið búin að berja smávegis í sig um kvöldið, en það geri hún stundum, þegar hann hafi smakkað vín. Stefnandi kveðst eftir fótbrotið hafa legið á sjúkrahúsi í 2 mánuði. Að því loknu hafi hann legið heima. Hann hafi verið í gipsi í 8 mánuði og átt í þessu á þriðja ár. Skömmu eftir að stefnandi kom af sjúkrahúsinu, kveðst hann hafa fengið bréf í ábyrgðarpósti frá stefnda, þar sem hann sagði honum upp íbúðinni. Stefnandi kveður það geta verið, að hann hafi verið í illu skapi, þegar stefndi kom upp um kvöldið, en hann hafi ekki verið með nein læti. Stefnandi kveður það rangt, sem standi í greinargerð stefnda, að hann hafi ætlað að varna honum útgöngu, og ítrekar, að hann hafi ekki ógnað stefnda á neinn hátt.

Stefndi hefur skýrt svo frá við aðiljayfirheyrslu, að þeir Magnús hafi nánast rekizt saman, er hann stóð upp úr stólnum, og við það hafi Magnús dottið. Magnús hafi þá verið búinn að varna stefnda að standa upp úr stól sínum. Að öðru leyti kveður stefndi skýrslu sína í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 sannleikanum samkvæma. Stefndi kveðst hafa farið upp til stefnanda Magnúsar, sökum þess að glögglega hafi heyrzt niður til stefnda, er bjó í íbúðinni fyrir neðan, að mikið gekk á uppi á loftinu. Segir stefndi, að þegar hann kom fram í forstofuna fyrir framan íbúð sína, hafi múrbrot og hluti af heyrnartóli af síma hrunið niður stigann. Hafi stefnandi þá staðið inni í ganginum uppi og lamið

í vegginn með símtólinu. Þegar stefndi kom upp, kveður hann stefnanda hafa verið hættan að lemja vegginn og búinn að leggja símtólið á. Hafi stefnandi gefið sig á tal við stefnda og róazt og setzt inn í stofu og þar hafi þeir setzt niður og tekið að ræða saman. Stefndi segir, að stefnandi hafi verið ölvaður, en hann kveðst ekki muna, hvort stefnandi hafi haft vín um hönd, eftir að stefndi kom upp. Stefndi kveður stefnanda hafa ausið yfir sig skömmum, meðan þeir voru frammi, en eftir að hann róaðist og þeir settust inn í stofu, hafi allt verið í mesta bróðerni milli þeirra. Stefndi kveður þá hafa verið að ræða pólitík, en vel geti verið, að loftnetsmál hafi borið á góma. Stefndi segir, að kona stefnanda hafi ekki verið í íbúðinni, þegar hann kom upp, en eftir að þeir voru settir inni í stofu, hafi hún komið heim. Þegar hún hafi séð, hvernig umhorfs var, hafi hún komið inn í stofu, flutt þar smátölu og slegið stefnanda. Stefndi hafi tekið því góðlátlega og hafi þá kona hans farið fram í eldhús. Stefndi segir, að liðið hafi stutt stund, þar til hann hafi ætlað að fara, en framundan hafi verið fundur í verkafélagsfélagi, sem hann var í. Stefndi kveður stefnanda hafa allan tímann setið í stól, en er stefndi hafi sýnt á sér fararsnið, hafi stefnandi rokið á fætur og ætlað að aftra honum að standa upp. Stefndi kveðst ekki hafa viljað láta aftra sér brottfarar og þegar stefnandi hafi verið kominn langleiðina til sín, hafi hann neytt síns viðbragðsflýtis og sprottið upp úr stólnum, en þeir hafi þá rekizt saman. Stefndi segir stefnanda hafa dottið, en ekki misst meðvitund. Hafi hann kallað upp, að hann væri fótbrotninn. Stefndi kveðst þá hafa farið fram og sagt Guðmundu, konu stefnanda, að þeir hefðu lent saman og stefnandi dottið og segðist vera fótbrotninn. Kveðst stefndi hafa tjáð Guðmundu, að bezt mundi vera að hringja í lækni, en Guðmunda svarað því til, að stefnandi mætti „bara liggja“. Þegar að því búnu kveðst stefndi hafa farið á fundinn. Kveðst hann hafa komið heim aftur um kl. 2230. Hafi þá Guðmunda komið fram á stigaskörina og sagt, að stefnandi væri víst fótbrotninn, og beðið sig að hringja á sjúkrahúsi, þar sem sinn sími væri ónothæfur. Stefndi kveðst þá hafa svarað því til, að Guðmunda mætti hringja í sinn síma. Skömmu seinna hafi sjúkrahúsið komið, og kveðst stefndi hafa aðstoðað við að koma stefnanda út í bilinn. Stefndi kveðst ekki muna eftir því að hafa beðið stefnanda afsökunar, enda hafi sér fundizt það vera stefnanda að biðja afsökunar. Stefndi segir, að tildrög þess, að hann leiði stefnanda íbúðina, hafi verið þau, að hann hafi auglýst

íbúðina til leigu. Meðal tilboða, sem bárust, var tilboð frá stefnanda, þar sem hann taldi sig reglusaman. Stefndi kveðst hafa hringt í vinnuveitanda stefnanda, Harald Sigurðsson, og hafi hann lagt stefnanda góð orð og hafi það ef til vill riðið baggamuninn. Stefndi segir, að reglusemisýfirlýsing stefnanda hafi ekki reynzt á rökum reist. Stefndi kveðst hafa sagt stefnanda upp vegna vanskila á húsaleigu, en áður hafi verið óregla á greiðslu húsaleigu hans.

Vitnið Guðmunda Þuríður Eyjólfsdóttir hefur skýrt svo frá við vitnaleiðslu í málinu, að hún hafi komið heim til sín að Mosgerði 8 að kvöldi hins 23. janúar 1961. Hafi hún þá komið að þeim stefnda og stefnanda inni í stofu, þar sem þeir sátu og voru að rabba saman. Vitnið segir, að stefnandi sé orðljótur undir áhrifum víns og eigi hún það til að taka fyrir munninn á honum í slíkum tilfellum. Minnir vitnið, að svo hafi verið í þetta skipti. Vitnið kveðst svo hafa farið fram í eldhús. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt, þegar stefnandi datt, en það hafi heyrt, þegar stefndi fór niður og hafi hann þá rætt við sig. Vitnið segir, að þegar stefndi hafi komið fram, hafi hann kastað á sig kveðju og sagt sér að athuga stefnanda, þar eð hann hefði „ýtt við honum“. Vitnið kveður stefnda ekki hafa nefnt það við sig, að stefnandi þyrfti læknismeðferðar. Vitnið kveðst hafa haldið, að stefnandi væri sofandi á gólfinu og því hafi hún látið hann liggja þar drygklanga stund. Þegar hún svo hafi litið inn til hans aftur, hafi hún séð við nánari athugun, að hann var fótbrotinn. Rétt á eftir hafi stefndi komið heim og hafi hún beðið hann að hringja á sjúkrahól. Hafi stefndi þá boðið sér, að hún mætti nota síma hans. Vitnið segir, að stefnandi sé afar orðljótur og stríðinn við vín, en hins vegar sé hann ekki áflogagjarn.

Við samprófun stefnanda og stefnda hefur stefnandi skýrt svo frá, að þeir hafi setið hvor í sínum stól. Stefnandi kveðst svo í hita umræðnanna hafa staðið á fætur og verið geti, að hann hafi beðið stefnda að fara ekki, en hann kveðst ekki hafa ætlað að beita neinu ofbeldi. Stefndi kvað hins vegar stefnanda hafa ætt að sér og hafi hann sagzt ætla að aftra sér frá að fara. Varðandi það, hvort stefnandi hafi misst meðvitund við fallið, náðist ekki samræmi, og leiddi samprófunin ekki til frekara samræmis.

Hefur nú verið rakið það, sem fram kemur í málsatvikalýsingum aðiljanna svo og í yfirheyrslum, sem fram hafa farið í málinu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi beri alla

ábyrgð á tjóni því, sem hann (stefnandi) hafi orðið fyrir vegna umrædds atburðar, og grundvallar bótafjárhæðin að mestum hluta á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis frá 4. apríl 1963, sbr. dskj. nr. 4, og útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings frá 22. janúar 1965, sbr. dskj. nr. 5.

Af hálfu stefnda er hins vegar sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi eigi sjálfur sök á því, hvernig fór, þar sem stefnandi hafi viljað meina sér að standa upp úr stólnum, er hann vildi fara, en er hann stóð upp úr stólnum eigi að síður, hafi viljað svo til, að þeir rákust saman með þeim afleiðingum, að stefnandi féll á gólfið og fótbrotnaði. Hafi því verið um hreina óheppni að ræða. Bendir stefndi á í því sambandi, að stefnandi hafi verið ölvaður, hann mjög feitur og þungur maður, og ætla verði, að fætur hans hafi verið verulega bilaðir fyrir slysið. Verði ekki fallizt á sýknukröfuna, er því af hálfu stefnda haldið fram, að ljóst sé, að hann beri aðeins að mjög litlu leyti fébóta-ábyrgð, og mótmælir hann bótakröfum öllum sem of háum og örorkumatinu sem allt of gömlu.

Viðurkennt er af stefnanda sjálfum, að hann hafi verið vel „slompaður“, eins og hann orðar það, er umrætt atvik átti sér stað. Kveðst hann hafa byrjað að drekka um hádegi þann dag, sem hann varð fyrir slysinu, og kveðst hafa drukkið mestan hluta úr einni flösku af víni, rommi að því hann minnir. Jafnframt er upplýst í málinu, að stefndi var ódrukkinn.

Nokkurs ósamræmis gætir í framburði málsaðiljanna um atvik að slysi því, er stefnandi varð fyrir umrætt kvöld, 23. janúar 1961, og skal það nánar rakið hér á eftir.

Í stefnu greinir stefnandi svo frá málsatvikum orðrétt m. a.: „... Var ég nokkuð við skál og stríddi Einari“ (þ. e. stefnda). „Einar ætlaði þá að fara, en ég stóð í vegi fyrir honum við dyrnar að ganginum og vildi ekki láta hann fara, en snerti hann þó ekki. Hrinti hann mér þá úr dyrunum, og datt ég aftur á bak í dyrunum og lenti með hnakkann á þröskuldinum og brotnaði á hægri fæti ...“.

Í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 lýsir stefnandi atvikum efnislega eins og í stefnu. Í aðiljayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 4. nóvember 1965 greinir stefnandi hins vegar þannig frá málsatvikum, að stefndi í máli þessu hafi komið í íbúð sína og þeir verið að ræða saman. Hafi stefndi setið í stól, en stefnandi kveðst hafa staðið fyrir framan hann á gólfinu í rúmlega seilingar fjarlægð. Stefndi hafi þá skyndilega staðið upp og hafi

svo atvikast, að hann lenti á mottu með þeim afleiðingum, að stefnandi skall í gólfið, hlaut höfuðhögg og brotnaði á hægri fæti. Síðar í sömu aðiljayfirheyrslu segir stefnandi m. a., „að verið geti, að hann hafi verið orðljótari en ella vegna ölvunar sinnar. Hafi Einar undir eins orðið reiður og hafi þar komið, að Einar rauk upp og hentist á mætta (stefnanda). Telur mætti, að Einar hafi þá verið á leiðinni út. Við það féll mætti með þeim afleiðingum, sem áður er getið“.

Stefndi lýsir málsatvikum m. a. þannig í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 eftir að hafa lýst atvikum að því, að hann fór upp til stefnanda umrætt kvöld:

„Ég átti að vera mættur á fundi kl. 2030 og þurfti því að flýta mér, því ég var ekki búinn að skipta um fót, og því ætlaði ég að rísa upp úr stólnum, sem ég sat í, og fara, eftir að við höfðum ræðzt þarna við góða stund, eftir að konan fór fram. Þegar ég ætlaði að fara, þá rauk Magnús upp úr stól, sem hann sat í, og hljóp að mér, þar sem ég sat, og sagðist ætla að berja mig, en fram að þeim tíma hafði allt verið í bróðerni á milli okkar. Þegar ég sá þetta, stökk ég upp úr stólnum, en við það lentum við saman. Magnús lenti einhvern veginn á hliðinni á mér, svo ég hentist til hliðar, en hann eiginlega beint aftur á bak, og þegar ég var almennilega kominn á fæturna, þá var Magnús að detta aftur fyrir sig og gerði það, en ég man ekki, hvernig hann datt, þ. e. hvort hann kom í dyrnar eða hvort hann lenti upp að veggnum. Eftir að Magnús var dottinn, þá sagðist hann vera fótbrotinn ...“.

Síðar í sömu lögregluskýrslu segir stefndi orðrétt:

„Ég vil geta þess, að er Magnús stökk á mig í stólnum, og ég stökk upp úr honum, þá ýtti ég við honum með hendinni, um leið og ég skauzt undan, því það er annað en gaman að fá svona þungan mann yfir sig í þröngum stól ...“.

Í aðiljayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur er bókað eftir stefnda, þar sem hann ræðir um atvik að slysi stefnanda, sem hér segir orðrétt:

„Mætti segir, að Magnús hafi allan tímann setið í stól, en er hann hafi sýnt á sér fararsnið, hafi Magnús rokið á fætur og ætlað að aftra honum að standa upp. Mætti kveðst ekki hafa viljað láta aftra sér brottfarar og þegar Magnús hafi verið kominn langleiðina til sín, hafi hann neytt síns viðbragðsflýtis og sprottið upp úr stólnum, en þeir hafi þá ekki rekizt saman ...“.

Við samprófun málsaðiljanna hefur stefnandi sem fyrr greinir skýrt þannig frá, að þeir stefndi og hann hafi setið hvor í sínum stól, og hafi hann í hita umræðnanna staðið á fætur og verið geti, að hann hafi beðið stefnda um að fara ekki, en hann kveðst ekki hafa ætlað að beita neinu ofbeldi. Stefndi segir hins vegar, að stefnandi hafi ætt að sér og sagzt ætla að aftra sér frá að fara.

Frekara samræmi náðist ekki.

Eins og sjá má af því, sem nú hefur verið rakið, liggja ekki atvik að slysi því, sem stefnandi varð fyrir í umrætt sinn, ljós fyrir af gögnum málsins, þar sem stefnandi heldur því fram annars vegar, að stefndi hafi hrint sér, en hins vegar, að stefndi hafi lent á mottu, er hann reis upp úr stól sínum, með þeim afleiðingum, að stefnandi skall í gólfíð.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi rekizt á stefnanda, er hann reis upp úr stólnum, og ýtt við honum með hendinni, um leið og hann (stefndi) skauzt undan.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er það upplýst, að stefnandi var ölvaður, þegar umrætt atvik átti sér stað, en stefndi ekki. Þá er og upplýst, að stefnandi var óvenju feitlaginn og þungur og hafði bæklun á fótum frá fæðingu. Má því ætla, er allt þetta er haft í huga, að hann hafi verið óstöðugur á fótunum í umrætt sinn. Loks er upplýst, að stefnandi ætlaði að aftra stefnda að fara, þegar stefndi sýndi á sér fararsnið.

Eins og að framan er rakið, hefur stefnandi reynzt sjálfum sér ósamkvæmur í frásögn sinni af því, er fram fór milli hans og stefnda í umrætt sinn. Er því að sjálfsögðu minna leggjandi upp úr framburði hans en ella, að því er til úrlausnar málsins tekur.

Að þessu öllu athuguðu þykir ekki í ljós leitt í máli þessu og með öllu ósannað, að stefndi hafi sýnt af sér nokkra þá háttsemi gagnvart stefnanda í umrætt sinn, sem honum verði færð til sakar, eins og á stóð.

Þykir því með hliðsjón af reglunni in dubio pro reo bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Eysteinnsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 6. maí 1968.

Nr. 80/1967. **Flugsýn h/f** (Árni Halldórsson hrl.)
 gegn
Flugtækni h/f (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og að úr gildi verði fellt fjárnám það, sem gert var í flugvélinni TF-BAD 28. október 1966. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og fyrirsvarsmenn aðilja hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Frankvæmdastjóri áfrýjanda, Ragnar Jón Magnússon, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um nokkurt skeið hafi